



Barnið í brennidepli
Sjálfsmatsskýrsla Tröllaborgar
Veturinn 2012-2013

Anna Árnína Stefánsdóttir/Sigríður Ólafsdóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Leikskólinn Tröllaborg.....	4
2 Áherslupættir í starfi Tröllaborgar.....	5
3 Sjálfsmatsáætlun	6
3.1 Sjálfsmat	6
3.2 Sjálfsmatsáætlun 2012 – 2016	8
3.3 Sjálfsmatsteymi	8
4 Sjálfsmat og lykilpættir 2012-2013.....	9
4.1 Framkvæmd Sjálfsmatsins.....	9
Lykilpáttur 1 Námskrá	9
Lykilpáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans.....	11
5 Áætlun um aðgerðir	13
Fylgiskjöl 1	15
Lykilpáttur 1 - Námskrá	15
Fylgiskjöl 2	22
Lykilpáttur 5 - Vinnusiðfræði leikskólans	22



Inngangur

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni en það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

Samkvæmt 17.gr. laga um leikskóla ber öllum leikskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.

Upplýsingar um innra mat sitt birtir leikskólinn opinberlega, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans en ytra mat af utanaðkomandi aðilum eins og sveitarfélaginu eða menntamálaráðuneytinu.

Tilgangurinn með sjálfsmati er að kanna hvort markmiðum leikskólans hafi verið náð svo og greina veika og sterka þætti í leikskólastarfinu og leggja þannig grunn að umbótum. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Sjálfsmat er því góð leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti leikskólans. Það má því segja að sjálfsmatið í heild sinni sé lykill að því að gera góðan skóla enn betri.

Til þess að mat uppfylli viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Haustið 2007 fórum við í Tröllaborg af stað með sjálfsmat undir handleiðslu Þóru Bjarkar Jónsdóttur. Matslistinn sem við notum heitir „Barnið í Brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leikskólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki leikskóla að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipta starfsfólks, foreldrasamstarfs og stjórnunar.

Tekin var ákvörðun um að fara yfir allan listann fyrst og raða svo niður á næstu þrjú árin og byrja á því sem kæmi verst út. Af óviðráðanlegum orsökum sem ekki verða raktar í þessari skýrslu, gekk þetta ekki alveg upp. Við settumst niður og skoðuðum dæmið og settum okkur ný markmið og er þetta annar áfangi í þeim markmiðum.



1 Leikskólinn Tröllaborg

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana í austanverðum Skagafirði undir einn hatt. Það eru Brúsabær á Hólum, Barnaborg á Hofsósi og Bangsabær í Fljótum. Þessi nýi sameinaði leikskóli hlaut nafnið Tröllaborg en hver deild heldur þó sínu nafni og séreinkennum. Skólaárið 2012-2013 er skipting milli deilda eftirfarandi:

Í Bangsabæ í Fljótum eru 2 nemendur sem skiptast þannig:

Árgangur 2008 – 1 nemandi

Árgangur 2009 – 1 nemandi

Í Barnaborg á Hofsósi eru 18 nemendur sem skiptast þannig:

Árgangur 2007 – 4 nemendur

Árgangur 2008 – 4 nemendur

Árgangur 2009 – 4 nemendur

Árgangur 2010 – 5 nemandi

Árgangur 2011 – 1 nemandi

Í Brúsabæ á Hólum eru 12 nemendur sem skiptast þannig:

Árgangur 2007 – 0 nemendur

Árgangur 2008 – 3 nemendur

Árgangur 2009 – 5 nemendur

Árgangur 2010 – 1 nemandi

Árgangur 2011 – 3 nemendur

Starfsmenn Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Anna Árnína Stefánsdóttir og staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir.

Deildarstjórar eru þrír, einn á hverri starfsstöð. Sigrún Svansdóttir í Bangsabæ í Fljótum, Eyrún Berta Guðmundsdóttir í Barnaborg á Hofsósi og Christine Hellwig í Brúsabæ á Hólum.

Kennarar eru 9 talsins þ.m.t. deildarstjórar, í rúmlega 7,5 stöðugildum. Þrír leikskólakennarar, 6 leiðbeinendur.



Bangsabær

Einn starfsmaður í 75% stöðugildi.

Barnaborg

Einn leikskólakennari í 1 stöðugildi

Þrír leiðbeinendur í 2,25 stöðugildum

Brúsabær

Tveir leikskólakennarar í 2 stöðugildum

Tveir leiðbeinendur í rúmlega 1,5 stöðugildi

2 Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur hafðar til hliðsjónar í leikskólastarfinu. Þessar áherslur mótast af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu og ytri aðstæðum. Auk þess mótast áherslurnar af þeirri menntun og reynslu sem starfsfólkið hefur aflað sér og þeim kenningum sem litið er til í skipulagningu starfsins. Leikskólinn Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í Tröllaborg er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla. Aðaláhersla er lögð á *leikinn, skapandi starf og félagslega færni* með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga **Johns Dewey** sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga **Lev Vygotsky** sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskaþætti. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.



Í hverju barni býr mikil og fjölbreytt sköpun. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á sínum eigin forsendum og fái tækifæri til að koma sínum hugmyndum og sköpunarkrafti á framfæri á fjölbreyttan hátt.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Auk þess verður til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

3 Sjálfsmatsáætlun

3.1 Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Eins og fram kemur í innganginum þá notar leikskólinn Tröllaborg matslistann „Barnið í brennidepli“ í sínu sjálfsmati. Barnið í brennidepli miðar að því að hjálpa leikskólum við að meta eigin vinnu með árangursvísum sem allir eiga að get nýtt sér. Sumir árangursvísanna kunna stundum að vera mikilvægari en aðrir, en saman mynda þeir matsaðferð sem ætlað er að stuðla að árangursríkri leikskóladvöl fyrir öll börn.

Allir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Sjálfsmat fer í flestum tilfellum fram undir stjórn leikskólastjórans, verkefnastjóra eða matshóps. Í okkar tilfell þá stýrði leikskólastjóri matsferlinu.

Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til núverandi stöðu og framtíðarstefnu. Sjálfsmatið getur þannig eflt og styrkt samvinnu og þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu.

Með aðferðinni er leikskólastarfinu skipt upp í sjö lykilþætti sem ná yfir alla þætti starfseminnar.



Lykilþættirnir eru:

Námskrá

Þroski og framfarir barnanna

Nám í gegnum leikinn

Stuðningur við börn og fjölskyldur

Vinnusiðfræði leikskólans

Námsumhverfi leikskólans

Stjórnun

Hverjum lykilþætti er síðan skipt upp í nokkur meginatriði sem nefndir eru árangursvísar, en þeir eru:

Árangursvísir 1.1 – Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2 – Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3 – Gæði dagskipulags

Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi

Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks

Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna

Árangursvísir 3.4 – Mat og gagnasöfnun

Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf

Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar

Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi

Árangursvísir 4.4 – Stuðningur við börn með sérþarfir

Árangursvísir 5.1 – Starfsandi

Árangursvísir 5.2 – Jafnrétti og réttisýni

Árangursvísir 5.3 – Samvinna við foreldra

Árangursvísir 5.4 – Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Árangursvísir 5.5 – Samvinna starfsfólks



Árangursvísir 6.1 – Húsnæði og almennur aðbúnaður

Árangursvísir 6.2 – Framboð námsgagna

Árangursvísir 6.3 – Ráðning og hæfni starfsfólks

Árangursvísir 6.4 – Starfspróun og endurmat

Árangursvísir 7.1 – Sjálfsmat

Árangursvísir 7.2 – Markmið og stefnumörkun

Árangursvísir 7.3 – Áætlun til aukins árangurs

Árangursvísir 7.4 - Stjórnandinn

Árangursvísir 7.5 – Virkni starfsfólks

Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6 og er notaður eftirfarandi einkunnaskali:

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

3.2 Sjálfsmatsáætlun 2012 – 2016

Lykilþáttur 1 - Námskrá - - - - - haustönn 2012

Lykilþáttur 5 - Vinnusiðfræði leikskólans - - - - - vorönn 2013

Lykilþáttur 7 - Stjórnun - - - - - haustönn 2013

Lykilþáttur 2 - Þroski og framfarir barnanna - - - - - vorönn 2014

Lykilþáttur 4 - Stuðningur við börn og fjölskyldur - - - - - vorönn 2014

Lykilþáttur 3 - Nám í gegnum leik - - - - - haustönn 2015

Lykilþáttur 6 - Námsumhverfi leikskólans - - - - - vorönn 2016

3.3 Sjálfsmatsteymi

Leikskólastjóri sér um alla skipulagningu gagnvart sjálfsmatinu. Umræður hafa þó verið um að skipa sjálfsmatsteymi en af því hefur ekki orðið. Við teljum það yrið áhrifaríkara ef slíkt teymi væri starfandi og væri þá hlutverk þess að undirbúa og



halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmatið fer fram. Þróa spurningalista sem lagðir eru fyrir foreldra og þróa áfram lykilþætti sem taka yfir einstaka þætti í starfi leikskólans. Vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs. Við stefnum á að skipa sjálfsmatsteymi á haustönninni 2013.

4 Sjálfsmat og lykilþættir 2012-2013

4.1 Framkvæmd Sjálfsmatsins

Samkvæmt matsáætluninni voru teknir fyrir lykilþættir 1 og 5. Unnið var sameiginlega með þessa lykilþætti á starfsdegi í febrúar. Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6. Unnið er út frá texta sem gæfi einkunnina 6 sem er hæsta skor. Sá texti er klipptur niður í málsgreinar sem breytt er í spurningaform til að auðvelda umræðuna. Hver málsgrein er svo metin og fundin meðaltalsteinkunn á hvern árangursvísi. Ekki er gefin einkunn fyrir lykilþáttinn í heild.

Við ákvæðum að skipta okkur ekki upp í hópa í ár heldur vera allar saman. Þetta gaf góða raun og var mikil umræða og hlutunum velt vel fyrir sér og fundið leiðir til úrbóta. Þannig gafst öllum tækifæri til að koma með athugasemdir hvað varðar einkunnagjöf og úrbætur.

Þessa leið höfum við valið frekar en að skipta niður eftir starfsstöðvum vegna þess að það koma upp meiri og betri umræður og víðara sjónarhorn. Þó að við séum á þremur starfsstöðvum er stefna okkar að starfsemin á öllum starfsstöðvunum sé sem líkust. Stundum er þó óhjákvæmilegt að matið skiptist niður á þrjár starfsstöðvar og er þá getið sérstaklega um það.

Lykilþáttur 1 Námskrá

Árangursvísir 1.1. Uppbygging námskrár

Vegin einkunn; 5

Sterku hliðarnar okkar:

Við höfum góðan efnivið.

Umhverfi leikskólans.

Litlar einingar.

Veiku hliðarnar okkar:

Nýtum efniviðinn ekki nógu vel.



Tillögur um aðgerðir:

Vinna að nýrri skólanámskrá.

Við erum sammála um að mikilvægustu bættir eru:

Fjölbreytt námskrá sem býður upp á örvun fyrir alla.

Pátttakendur í mati:

Allir starfsmenn Tröllaborgar

Árangursvísir 1.2. Gæði áætlana

Vegin einkunn; 4

Sterku hliðarnar okkar:

Áætlanir eru til staðar.

Veiku hliðarnar okkar:

Miðla til starfsmanna /eftirfylgni.

Tillögur um aðgerðir:

Það sé alltaf ábyrgðaraðili.

Pátttakendur í mati:

Allir starfsmenn Tröllaborgar

Árangursvísir 1.3. Gæði dagskipulags.

Vegin einkunn; 6

Sterku hliðarnar okkar:

Sveigjanleiki.

Veiku hliðarnar okkar:

Miðlun til starfsmanna.

Pátttakendur í mati:

Allir starfsmenn Tröllaborgar.



Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.1. Starfsandi

Vegin einkunn; 5

Sterku hliðarnar okkar:

Foreldrasamstarf og góður starfsandi.

Veiku hliðarnar okkar:

Duglegri að horfa í eigin barm.

Tillögur um aðgerðir:

Hengja upp skemmtilegar áminningar um jákvætt hugarfar og hreinskilni.

Þátttakendur í mati:

Allir starfsmenn tröllaborgar.

Árangursvísir 5.2. Jafnrétti og réttsýni

Vegin einkunn; 5

Sterku hliðarnar okkar:

Við komum eins fram við alla.

Tillögur um aðgerðir:

Halda áfram að vinna á sömu braut þ.e. jákvæðum nótum og bera virðingu fyrir hvert öðru.

Þátttakendur í mati:

Allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi:

Ekkert sem þarfnast nákvæmrar eftirfylgni.

Árangursvísir 5.3. Samvinna við foreldra

Vegin einkunn; 5

Sterku hliðarnar okkar:



Samvinna við foreldra mjög góð.

Veiku hliðarnar okkar:

Framsetning á skólanámskrá.

Pátttakendur í mati:

Allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi:

Vegna liðar H þá búum við í litlu samfélagi og okkur finnst þetta ekki vera mikilvægur þáttur.

Árangursvísir 5.4. Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Vegin einkunn; 5

Sterku hliðarnar okkar:

Góð samskipti milli menntastofnana á svæðinu.

Veiku hliðarnar okkar:

Mættum nýta samfélagið betur á Hofsósi.

Tillögur um aðgerðir:

Heimsækja stofnanir með skipulögðum hætti.

Pátttakendur í mati:

Allir starfsmenn Tröllaborgar.

Árangursvísir 5.5 Samvinna starfsfólks

Vegin einkunn ; 5

Sterku hliðarnar okkar:

Vinum vel saman og góður starfsandi.

Tillögur um aðgerðir:

Höldum áfram á sömu braut.

Pátttakendur í mati:

Allir starfsmenn Tröllaborgar.



5 Áætlun um aðgerðir

Við gerðum með okkur áætlun sem fer í gagnið strax og sjálfsmati lýkur. Stefnt er að því að þeir hlutir sem við getum lagfært án lítils fyrirvara verði komnir til framkvæmda í síðasta lagi áður en skóla lýkur vorið 2013. Annað á að vera komið til framkvæmdar á hausönn 2014 eins og t.d. endurskoðun skólanámskrár.

Uppbygging námskrár

Halda áfram við vinnu við nýja skólanámskrá

Gæði áætlana

Skipa alltaf ábyrgðarmann fyrir hverri áætlun

Áætlunin sé aðgengileg

Gæði dagskipulags

Muna að skrifa í dagbókina allar upplýsingar

Hver starfsmaður ber ábyrgð á að lesa í dagbókinni

Búa til upplýsingablað fyrir nýja starfsmenn

Starfsandi

Búa til veggspjöld með skemmtilegum áminningum um jákvætt hugafar og hreinskilni

Búa til skemmtilega aðkomu fyrir starfsfólk þegar það mætir í vinnu.

Jafnrétti og réttisýni

Halda áfram að vinna á sömu braut þ.e. jákvæðum nótum og bera virðingu fyrir hvert öðru.

Samvinna við foreldra

Kynna betur fyrir foreldrum markmið leikskólans.

Kynna skólanámskrána fyrir foreldrum þegar búið er að endurskoða hana.

Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Gera áætlun um heimsóknir í aðrar stofnanir og setja inn í starfsáætlun



Samvinna starfsfólks

Samvinna starfsfólks er góð og við ætlum að halda áfram á sömu braut

Eftirfylgni

Á fyrsta starfsmannafundi á haustönn 2013 förum við yfir þróunaráætlunina og skoðum hvað hafi komist í framkvæmd af endurbótum og hvað ekki og göngum þá í endurbætur. Strax á haustönn höldum við áfram með vinnuna við endurnýju skólanámskrárinnar.



Fylgiskjöl 1

Lykilþáttur 1 - Námskrá



Lykilþáttur 1 Námskrá

Árangursvísir 1.1. Uppbygging námskrár

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

1.1.	Uppbygging námskrár	1	2	3	4	5	6
A	Skólanámskráin býður upp á örvun og alhliða þroska í gegnum daglegar venjur skólans.					X	
B	Leikskólinn veitir hverju barni fjölbreytta reynslu með nægu framboði af leik- og námsefni í samræmi við þarfir þess.					X	
C	Skólanámskráin og starfsáætlanir leikskólans eru í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.			X			

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

D	Okkur finnst mikilvægt að allt starfsfólk komi að gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.					X	
E							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Við höfum góðan efnivið.

Umhverfi leikskólans.

Litlar einingar.

Veiku hliðarnar okkar:

Nýtum efniviðinn ekki nógu vel.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Fjölbreytt námskrá sem býður upp á örvun fyrir alla.

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					X	
---	--	--	--	--	---	--

Ath: Liður C gildir ekki þar sem Aðalnámskrá er ný komin út og vinna við skólanámskrá er í gangi.

Tillögur um aðgerðir: Vinna að nýrri skólanámskrá.

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:

Leikskólinn TröllaborgÞróunaráætlun Lykilþáttur 1 Námskrá

2012-2013

Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Uppfæra skólanámskrá.	Allir starfsmenn.	Haustið 2014.	Þarf ábyrðamann sem skipuleggur vinnuna.	Með útkomu nýrrar skólanámskrár.



Lykilþáttur 1 Námskrá Árangursvísir 1.2. Gæði áætlana

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

1.2.	Gæði áætlana	1	2	3	4	5	6
A	Áætlanir tryggja samhæfingu og mikilvægi náms.					X	
B	Einstaklingsáætlanir eru vel upp byggðar, sveigjanlegar og endurspeglar þarfir og áhugasvið barnanna.					X	
C	Áætlanir eru metnar reglulega með starfsfólki deildarinnar, foreldrum og börnum þar sem það á við.					X	
D	Starfsfólk fær skýrar leiðbeiningar varðandi áætlanir um uppeldi og nám barnanna og stuðning við gagnasöfnun.					X	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E	Það er mikilvægt að einn ábyrgðaraðili sjái til þess að áætlunum sé fylgt.					X	
F							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Áætlanir eru til staðar.

Veiku hliðarnar okkar:

Miðla til starfsmanna/eftirfylgni.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					X	
---	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir: Það sé alltaf ábyrgðaraðili.

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:

Leikskólinn _____



Þróunaráætlun Lykilþáttur 1 Námskrá

2012-2013

Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Skipa alltaf ábyrgðamann. Áætlunin sé aðgengileg.	Deildarstjóri.	Um leið og áætlun liggur fyrir.	Undirbúning. Áætlunin sé ávallt sett inn í flettimöppu.	Í næsta sjálfsmati.



Lykilþáttur 1 Námskrá Árangursvísir 1.3. Gæði dagskipulags

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

1.3.	Gæði dagskipulags	1	2	3	4	5	6
A	Dagskipulag er vel mótað og hefur skýra stefnu varðandi hvað ber að gera.					x	
B	Dagskipulag er metið reglulega eins og nauðsyn þykir, til að mæta þörfum barnanna.						x
C	Starfsfólk nýtir sér matsupplýsingar reglubundið til að bera kennsl á þarfir barnanna og skipuleggja næstu skref í leikskólalastarfinu.					x	
D	Foreldrar eru vel upplýstir um námskrá og dagskipulagið ...						x
E	... og hafa tækifæri til að koma með hugmyndir að breytingum.						x

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

F							
G							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar: Sveigjanleiki.

Veiku hliðarnar okkar: Miðlun til starfsmanna.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:							x
---	--	--	--	--	--	--	---

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:

Leikskólinn _____



Þróunaráætlun Lykilþáttur 1 Námskrá

2012-2013

Árangursvísir 1.3 Gæði dagsskipulags

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Muna að skrifa í dagbókina og lesa hana. Upplýsingablað fyrir nýtt starfsfólk.	Allir.	Aldrei.	Dagbók.	Næsta sjálfsmat.



Fylgiskjöl 2

Lykilpáttur 5 - Vinnusiðfræði leikskólans



Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.1. Starfsandi

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

5.1.	Starfsandi	1	2	3	4	5	6
A	Starfsfólk leitast við að skapa andrúmsloft þar sem gagnkvæmt traust, virðing og trúnaður er ríkjandi í leikskólanum. Það ríkir samkennd meðal barna og starfsfólks í leikskólanum					x	
B	Það er vel tekið á móti foreldrum og gestum og með skipulögðum hætti.					x	
C	Starfsfólk og stjórnendur gegna mikilvægu hlutverki við að skapa jákvætt andrúmsloft í Leikskólanum.					x	
D	Góður andi ríkir milli barna og starfsfólks. Tengsl milli starfsfólks, foreldra og barna eru mjög jákvæð og góð.					x	
E	Í leikskólanum eru skýrar hegðunarreglur sem allt starfsfólkið beitir og börnin skilja.					x	
F	Starfsfólk bregst við erfiðri hegðun með umhyggju og næmni og í samvinnu við foreldra.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

G	Allir fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og að tekið sé mark á þeim.					x	
H	Að fólk sé hreinskiptið og mæti með jákvætt hugarfar.				x		

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Foreldrasamstarf.

Góður starfsandi.

Veiku hliðarnar okkar:

Vera duglegri að horfa í eigin barm.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	
---	--	--	--	--	---	--



Tillögur um aðgerðir: Hengja upp skemmtilegar áminningar um jákvætt hugarfar og hreinskilni.

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn í Tröllaborg

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:

Leikskóli Tröllaborg

Þróunaráætlun Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

2012-2013

Árangursvísir 5.1 Starfsandi

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Búa til veggmyndir.	Ásrún	1.janúar 2013	Hugmyndaflug og tíma.	Næsta sjálfsmat.
Búa til skemmtilega aðkomu fyrir starfsfólk.	Anna Árnína	1.janúar 2013	Hugmyndaflug og tíma.	Næsta sjálfsmat.



Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.2. Jafnrétti og réttssýni

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

5.2.	Jafnrétti og réttssýni	1	2	3	4	5	6
A	Stefna leikskólans og starfsaðferðir tryggja að börn, foreldrar og starfsfólk njóti jafnréttis og virðingar.						x
B	Tillit er tekið til fötlunar, kyns, trúar, kynþáttar, menningarlegs bakgrunns og tungumáls, á sanngjarnan og réttlátan hátt án mismununar.						x
C	Öllum finnst þeir vera metnir að verðleikum.					x	
D	Starfsfólki leikskólans gengur vel að styðja og hvetja foreldra til félagslegra samskipta.					x	
E	Leiðir eru valdar til að aðstoða foreldra sem eiga í erfiðleikum með að leita sér stuðnings.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi áljtum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

F							
G							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Við komum eins fram við alla.

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						x	
---	--	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:

Halda áfram að vinna á sömu braut þ.e. jákvæðum nótum og bera virðingu fyrir hvert öðru.

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn Tröllaborgar

Athugasemdir um árangursvísi: Ekkert sem þarfnast nákvæmrar eftirfylgni.

Hvar mætti afla gagna:



Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.3. Samvinna við foreldra

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

5.3.	Samvinna við foreldra	1	2	3	4	5	6
A	Samvinna við foreldra er góð. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í starfinu innan leikskólans og við að vinna samhent með starfsfólki við uppeldi og menntun barnanna.						x
B	Þátttaka foreldra er vel skipulögð og gagnleg og starfsfólk sýnir hæfni í vinnu með foreldrum.						x
C	Starfsfólk tekur mark á og metur vitneskju og viðhorf foreldra til þroska, áhugasviðs og persónuleika barnanna að verðleikum.					x	
D	Spurningum foreldra er ávallt svarað skýrt og yfirvegað.					x	
E	Samskipti við foreldra eru góð. Tækifæri gefast á miðlun upplýsinga sem máli skipta fyrir uppeldi og menntun barnanna.					x	
F	Upplýsingar til foreldra um markmið og námskrá leikskólans eru skýrar og vel fram settar.				x		
G	Foreldrar fá reglulega umsagnir um framfarir barna sinna.						x
H	Við upphaf leikskólagöngu barnsins heimsækir starfsfólk fjölskyldu barnsins.	x					
I	Starfsfólk veitir foreldrum stuðning og ráðgjöf við uppeldi og menntun barnanna.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

J							
K							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Samvinna við foreldra mjög góð.

Veiku hliðarnar okkar:

Framsetning á skólanámskrá.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						x	
---	--	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:



Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi: Vegna liðar H þá búum við í litlu samfélagi og okkur finnst þetta ekki vera mikilvægur þáttur.

Hvar mætti afla gagna:

Leikskólinn Tröllaborg

Þróunaráætlun Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

2012-2013

Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Skýra betur markmið skólanámskrárinnar við Endurskoðun hennar.	Allir starfsmenn.	Haust 2014		Næsta sjálfsmat.



Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.4. Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

5.4.	Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir	1	2	3	4	5	6
A	Leikskólinn hefur komið sér upp tengslum við aðra leikskóla og grunnskóla í nágrenninu.						x
B	Þar sem leikskólinn á þátt í starfsþjálfun nema, er hann í góðum tengslum við viðkomandi menntastofnanir.		x				
C	Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu.					x	
D	Starfsfólk hefur vitneskju um og nýtir vel þær stofnanir sem til eru innan samfélagsins.		x			x	

Barnaborg:2 Brúsabær:5

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E							
F							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Góð samskipti milli menntastofnana á svæðinu.

Veiku hliðarnar okkar:

Mættum nýta samfélagið betur á Hofsósi.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						x	
---	--	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir:

Heimsækja stofnanir með skipulögðum hætti.



Þátttakendur í mati: allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:

Leikskólinn Tröllaborg

Þróunaráætlun Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

2012-2013

Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Gera áætlun um heimsóknir og setja í starfsáætlun	Deildastjórar /hópstjórar.	Haut 2013	Tíma.	Næsta sjálfsmat.



Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.5. Samvinna starfsfólks

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

5.5.	Samvinna starfsfólks	1	2	3	4	5	6
A	Starfsfólk vinnur vel saman og styður hvert annað félagslega.					x	
B	Starfsfólk myndar samhentan og hugmyndaríkan starfshóp.					x	
C	Starfsfólk leggur sitt af mörkum við að mynda góðan starfsanda innan leikskólans.					x	
D	Fjölbreyttir hæfileikar starfsfólks eru metnir að verðleikum og á þeim byggt.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi áljtum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E							
F							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Vinum vel saman og góður starfsandi.

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						x	
---	--	--	--	--	--	---	--

Tillögur um aðgerðir: höldum áfram á sömu braut.

Þátttakendur í mati: allir starfsmenn Tröllaborgar.

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna: